

Efni: Umsögn VR um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, þingskjal 42 – 42. mál. 154 löggjafarþing 2023 – 2024

VR fagnar þingsályktunartillögu um stofnun starfshóps um atvinnulýðræði og tekur heilshugar undir það sem þar er lagt til.

Umræða um aukið atvinnulýðræði á sér langa sögu á Íslandi þó hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri, enn sem komið er. Fyrstu tilraunir til að styrkja stöðu íslensks launafólks á vinnumarkaði, með aukinni lýðræðislegri þátttöku þeirra á vinnustöðum sínum, eru meira en hálfir aldir gamlar en tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði var fyrst flutt á Alþingi árið 1965. Í áruna rás hafa fleiri þingsályktunartillögur um málefnið verið lagðar fram sem og frumvörp um sama efni.

Í nágrennalöndum okkar er réttur til lýðræðislegrar þátttöku á vinnustað víða. Þessi réttur felur í sér þátttöku á breiðum grunni, m.a. með setu fulltrúa starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja. Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandanna hvað þetta varðar, eins og lesa má í greinargerð með tillögunni, og telur VR mikilvægt að launafólk á Íslandi fái einnig þennan lýðræðislega rétt.

VR hefur jafnframt lagt fram kröfu um atvinnulýðræði í kjaraviðræðum en í kröfugerð félagsins frá 2023 segir:

*„Lýðræði er hornsteinn íslensk samfélags og viija VR og LÍV auka tækifæri starfsfólks á lýðræðislegri þátttöku á sínum vinnustuað. VR og LÍV gera þá kröfu að Ísland feti í fótspor fjölda þjóða í Evrópu og komi á **atvinnulýðræði** þar sem starfsfólk hefur rétt til að kjósa fulltrúa sinn í stjórn fyrirtækisins sem það starfar hjá. VR og LÍV leggja til að farin verði sú leið sem Norðurlöndin hafa farið og starfsfólk fái rétt til þess að kjósa ákveðinn fjölda fulltrúa í stjórn fyrirtækisins í samræmi við stærð þess. VR og LÍV telja jafnframt mikilvægt að þessi réttur verði bundinn í lög“.*

Margt bendir til þess að íslenskur vinnumarkaður taki stakkaskiptum á næstu árum og áratugum, m.a. í tengslum við tækniframfarir á sviði gervigreindar. VR telur að atvinnulýðræði sé til þess fallið að liðka fyrir slíkum breytingum en rannsóknir hafa sýnt að aukin þátttaka starfsfólks í stefnumótun og ákvörðunartöku fyrirtækja auki upplýsingaflæði, gagnsæi og traust.

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir VR yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði og telur brýnt að málinu verði hraðað eins og kostur er.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR